

Álagning gjalda fyrir árið 2017

Útsvarsprósenta 12,44%.

Fasteignaskattur A, 0,23% af fasteignamati á íbúðarhúsnæði, bílageymslur, geymsluhúsnæði, lönd og útihús í landbúnaði og sumarhús, allt með tilheyrandi lóðum.

Fasteignaskattur B, 1,32% af fasteignamati sjúkrastofnana skv. lögum um heilbrigðisþjónustu, skóla, heimavistir, leikskóla, íþróttahús og bókasöfn, að meðtöldum lóðum og lóðarréttindum.

Fasteignaskattur C, 1,65% af fasteignamati allra annarra fasteigna með tilheyrandi lóðum.

Gjalddagar verða sex talsins árið 2017, fyrsta hvers mánaðar frá 1. febrúar til 1. júlí.

Þar sem heildarupphæð er undir 20.000 kr. er einn gjalddagi, 1. apríl.

Eindagi er 30 dögum eftir gjalddaga.

Ekki verða sendir út greiðsluseðlar né álagningarseðlar í bréfapósti fyrir árið 2017. Álagningarseðlar eru aðgengilegir á heimasíðunni www.island.is

Stofnuð verður krafa í heimabanka með sama hætti og áður sem hægt er að greiða rafrænt.

Þeir sem óska þess að fá áfram send skjöl með bréfapósti gefst kostur á því.

Vinsamlega hafið samband við skrifstofu hreppsins ef óskað er eftir að fá senda skjöl áfram með bréfapósti.

Reglur þessar voru samþykktar af hreppsnefnd Ásahrepps 14. des. 2017